

Almennir viðskiptaskilmálar

1	Gildissvið	2
2	Þjónustuborð og þjónustutími	2
3	Endurgjald og greiðsluskilmálar	2
3.1	Samningssamband	2
3.2	Gildistími og uppsögn samnings	2
3.3	Þjónustureikningar	2
3.4	Rafrænir reikningar	2
3.5	Ferðakostnaður	3
3.6	Afhending reikninga og greiðsluskilmálar	3
4	Hýsingarþjónusta	3
4.1	Upplýsingaöryggi og trúnaðarskyldur	3
4.2	Persónuverndarstefna	3
4.3	Afritun gagna í hýsingu	4
4.4	Aðgengi að gögnum eftir uppsögn hýsingarþjónustu	4
4.5	Lögmæti hýstra gagna	4
4.6	Óheimilar aðgerðir	4
5	Hugbúnaður	5
5.1	Sala hugbúnaðar og viðhaldssamningur	5
5.2	Áskrift eða leiga hugbúnaðar	5
5.3	Ábyrgð SV á STÓLPA	6
6	Þjónustusamningur STÓLPA	6
7	Óviðráðanleg atvik - Force Majeur	6
8	Hugverkaréttur	6
9	Vanefndir og vanefndaúrræði	7
10	Framsal réttinda	7
11	Lög og varnarþing	7
12	Skilgreiningar	7

Hér á eftir fara **almennir viðskiptaskilmálar Stólpa viðskiptalausnir ehf, kt. 540409-0130** (hér eftir nefnt SV).

1 Gildissvið

Undir viðskiptaskilmála þessa falla **öll viðskipti** milli SV og viðskiptavina óháð því hvenær til viðskiptasamband var upphaflega stofnað að engu undanskildu. Hvort sem um er að ræða **tilboð, áskrift hugbúnaðar eða annars, leiga, gamlir eða nýir viðhalds- og/eða þjónustusamningar** eða aðrir samningar hverju nafni sem þeir nefnast að engu undanskildu. Viðskiptaskilmálar þessir eru ófrávikjanlegir og gilda um öll þau atriði sem fram í þeim koma nema sérstaklega hafi verið samið með öðrum hætti á skriflegum samningi.

Viðskiptaskilmálar þessir taka gildi 1. nóvember 2023, og koma að öllu leyti í stað eldri skilmála sem fyrir voru.

Skilgreiningar eru í lok skilmála.

2 Þjónustuborð og þjónustutími

Þjónustuborð er opið alla virka daga milli **kl. 9:00 til 16:00**. Þjónustuborð er í síma **512-4400** og netfangið stolpi@stolpi.is. Öllum erindum er svarað á opnunartíma eins fljótt og kostur er. Gjaldfærður lágmarkstími þjónustu er 15 mínútur.

Neyðarþjónusta utan opnunartíma er í síma **512-4420**. Neyðarþjónustan er aðeins ætluð þeim sem þurfa á mjög aðkallandi þjónustu að halda og ekki er mögulegt að bíða eftir opnun þjónustuborðs. Gjaldfærður lágmarkstími neyðarþjónustu er 60 mínútur.

3 Endurgjald og greiðsluskilmálar

3.1 Samningssamband

Almennt eru ekki eru gerðir skriflegir samningar við viðskiptavinum nema eðli þjónustunnar sé umfram það sem skilmálar þessir tilgreina. Samningssamband (hér eftir „samningur“) telst komið á þegar tilboð, tölvupóstur eða reikningur hefur verið samþykktur með fullnægjandi hætti. Fullnægjandi samþykki telst m.a. fengið milli aðila með samþykki í símtali, tölvupósti eða með greiðslu fyrsta reiknings eftir að viðskiptasamband kemst á.

Reikningar vegna samnings eru almennt gefnir út mánaðarlega eða ársfjórðungslega með gjalddaga 1. degi mánaðar.

Allar samningsfjárhæðir SV fylgja mánaðarlegri þróun launavísitölu nema annað sé sérstaklega tekið fram.

3.2 Gildistími og uppsögn samnings

Uppsagnarfrestur samnings, hvort sem honum er sagt upp að hluta eða í heild, eru 3 mánuðir. Uppsagnarfrestur tekur að telja mánaðarmót eftir að hún berst. Uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

Um aðgengi að gögnum eftir uppsögn hýsingarþjónustu má finna í kafla: [Aðgengi að gögnum eftir uppsögn hýsingarþjónustu](#)

3.3 Þjónustureikningar

Endurgjald fyrir veitta þjónustu umfram þjónustusamnings er samkvæmt gildandi gjaldskrá SV hverju sinni. Þjónustureikningar eru útgefnið mánaðarlega vegna þjónustu sem veitt er frá 21. degi síðasta mánaðar til 20. dags líðandi mánaðar með gjalddaga á síðasta degi líðandi mánaðar.

Þjónustusamningar veita viðskiptavinum forgang að þjónustu og afslátt á endurgjaldi vegna veittrar þjónustu. Nánari upplýsingar um þjónustusamninga má finna í kafla: [Þjónustusamningur](#)

3.4 Rafrænar reikningar

Viðskiptavinir STÓLPA viðskiptahugbúnaðar hafa möguleika að senda og/eða móttaka rafræna reikninga í gegnum skeytamiðlara sem hafa það hlutverk að miðla rafrænum reikningum milli útgefanda og greiðanda með öruggum og rekjanlegum hætti. Skeytamiðlara innheimta hugbúnaðarhús mánaðarlega vegna notkunar viðskiptavina í líðandi mánuði. SV endurinnheimtir viðskiptavinum mánaðarlega í samræmi við notkun þeirra á þessari þjónustu samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

3.5 Ferðakostnaður

Sérstakt akstursgjald er gjaldfært fyrir akstur samkvæmt gjaldskrá hverju sinni. Skráður tími ferða hefst þegar starfsmaður yfirgefur starfsstöð sína og líkur þegar hann kemur til baka.

3.6 Afhending reikninga og greiðsluskilmálar

SV sendir reikninga til viðskiptavinar í tölvupósti eða sem rafrænan reikning. Samsvarandi krafa er í viðskiptabanka viðskiptavinar. Annar greiðslumáti er ekki samþykktur. SV áskilur sér rétti til að innheimta útlagðan sendingarkostnað við sendingu reiknings og kostnað banka við kröfu.

Reikningar sem greiddir eru eftir eindaga bera dráttarvexti frá gjalddaga í samræmi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Athugasemdir vegna reiknings skulu berast SV án tafar og eigi síðar en á eindaga reiknings.

SV áskilur sér einhliða rétt til að endurskoða gjaldskrá sína og samningsfjárhæðir ef þörf krefur m.a. ef verulegar breytingar verða á verðum birgja eða breytingar á myntgengi erlendra gjaldmiðla.

4 Hýsingarþjónusta

Í hýsingarþjónustu SV fær viðskiptavinur aðgang að aðgangsstýrðri vinnustöð og gagnasvæði í gagnaveri SV í gegnum fjartengingu (*Remote desktop connection*). Á vinnustöðinni er STÓLPI viðskiptahugbúnaður aðgengilegur og/eða annar hugbúnaður í samræmi við samning viðskiptavinar við SV. Ekki er heimilt að setja upp annan hugbúnað á vinnustöð viðskiptavinar en samningur hans tilgreinir sérstaklega.

Viðskiptavini er heimilt að vista persónulegar skrár á gagnasvæði sínu. Gagnasvæði viðskiptavinar skal ekki fara yfir 500 MB að jafnaði. Fari gagnamagn viðskiptavinar yfir 500 MB greiðir viðskiptavinur fyrir það samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

4.1 Upplýsingaöryggi og trúnaðarskyldur

SV skal gæta fyllsta trúnaðar varðandi gögn og málefni sem því verður kunnugt um viðskiptavin og skjólstæðinga hans.

Starfsmenn SV undirrita heit um trúnaðarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptavina SV sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum viðskiptavinar eða eðli máls. Helst trúnaðarskylda starfsmanna eftir starfslok þeirra.

SV stuðlar að öflugri öryggisvitund starfsmanna, viðskiptavina, þjónustuaðila og gesta með kynningum, þjálfun og umræðu. Stefnt er að því að starfsemi og starfshættir SV séu til fyrirmyndar hvað varðar upplýsingaöryggi.

Viðskiptavinur er bundin trúnaðarskyldu um málefni SV sem hann fær vitneskju um vegna framkvæmdar samnings og helst trúnaðarskylda eftir að samningi er lokið.

SV leitast við að fyrirbyggja og meðhöndla alla áhættu sem dregið geti úr öryggi hýsingarþjónustu SV. Úttektir og áhættumöt eru framkvæmd reglulega til að meta hvort frekari aðgerða sé þörf og til að vinna að stöðugum umbótum.

SV verndar gögn og upplýsingakerfi gegn óheimiluðum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, tapi eða flutningi.

SV ber ábyrgð á að hýsingarþjónustan geti talist vel fullnægjandi hvað varðar vinnsluhraða, öryggi og aðgengi. Skipulagður niðritími (e. down time) þjónustunnar er að jafnaði eitt kvöld í mánuði vegna reglubundins eftirlits og viðhalds. Almennt er skipulagður niðri tími eftir kl 21:00 á kvöldin.

4.2 Persónuverndarstefna

Vinnsla persónuupplýsinga er í samræmi við lög nr. 90/2018. SV þróar, selur, hýsir og þjónustar STÓLPA og eftir atvikum annan hugbúnað. SV safnar ekki persónulegum upplýsingum um viðskiptavini eða skjólstæðinga þeirra í starfsemi sinni. Starfsemi SV tekur mið af þessu en hefur þó sett upp persónuverndarstefnu sem hægt er að skoða á heimasíðu félagsins, www.stolpi.is.

4.3 Afritun gagna í hýsingu

Sé STÓLPI viðskiptahugbúnaður hýstur í hýsingarþjónustu SV er gagnagrunnur STÓLPA viðskiptahugbúnaðar afritaður með sjálfvirkum og kerfisbundnum hætti skv. reglugerð um rafrænt bókhald nr. 505/2013, grein 11. Önnur gögn eru ekki afrituð.

Hvert og eitt daglegt afrit gagnagrunns STÓLPA er varðveitt í 32 sólahringa frá afritunartöku. Mánaðarleg afrit eru varðveitt í 12 mánuði. Árleg afrit er varðveitt í 5 ár. Hvert afrit er varðveitt í tveimur aðskildum gagnaverum, sem staðsett eru erlendis í tveimur löndum innan Evrópusambandsins, og rekin eru af viðurkenndum gagnavörsluaðila sem hefur viðurkennda öryggisvottun.

Gagnagrunnur STÓLPA varðveitir allar skráningar í kerfið frá upphafi skráninga til afritunardags. Hvert og eitt afrit varðveitir því í heild allar skráningar í gagnagrunn STÓLPA frá upphafi til þess tíma sem afritið er tekið.

SV getur ekki ábyrgist að afritunartaka takist ávallt fullkomlega þar sem tengdir viðskiptavinir geta mögulega truflað sjálfvirka afritunartöku enda hefur SV ekki möguleika á að sannreyna hvert og eitt afrit.

SV ber ekki ábyrgð á tjóni sem kann að verða vegna gagnataps í hýsingarþjónustu nema það verði rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis af hálfu SV.

4.4 Aðgengi að gögnum eftir uppsögn hýsingarþjónustu

SV ber ekki ábyrgð á að varðveita gagnagrunn STÓLPA eða önnur gögn fyrir hönd viðskiptavinar eftir uppsögn þjónustunnar nema um annað sé sérstaklega samið með skriflegum hætti.

Öll gögn, hugbúnaður, vinnusvæði, gagnagrunnar, skrár viðskiptavinar í hýsingu SV er varanlega eytt eftir að uppsögn hýsingarþjónustu tekur gildi að engu undanskildu, nema óskað sé sérstaklega eftir öðru og það staðfest í skriflegum samningi milli aðila.

Þjónustuborð SV aðstoðar viðskiptavin við afritun á gagnagrunni STÓLPA sem og öll önnur gögn að vali viðskiptavinar sé þess óskað. Mikilvægt er að sú afritunartaka sé framkvæmd tímanlega og áður en gögnum er eytt. Til að tryggja rekjanleika og öryggi við afgreiðslu slíkra erindi er nauðsynlegt að senda slík erindi í tölvupósti á póstfang Þjónustuborðs, stolpi@stolpi.is.

4.5 Lögmæti hýstra gagna

Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að öll gögn eða skrár sem SV hýsir fyrir viðskiptavin brjóti ekki gegn ákvæðum þessara skilmála, íslenskum lögum, almennu velsæmi eða réttindum annarra. Komi til slíkra brota getur SV gripið til aðgerða sem heimilaðar eru lögum samkvæmt eins og t.d. að fjarlægja eða hindra aðgang að gögnum sbr. 14. gr. laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

4.6 Óheimilar aðgerðir

Eftirfarandi aðgerðir viðskiptavina með öllu óheimilar í hýsingarþjónustu SV:

- Að raska eðlilegri virkni þjónustunnar eða hugbúnaðar sem þar er hýstur, öryggi, upplýsinga- og/eða persónuvernd eða starfsskilyrðum annarra notenda.
- Að trufla notkun annarra notenda sem nýta sér þjónustuna, gera eitthvað sem veldur óeðlilega miklu álagi á þjónustuna, tölvukerfi eða truflar eðlilegt aðgengi annarra notenda að þjónustunni.
- Að trufla, skerða eða á nokkurn hátt hafa áhrif á notkun annarra notenda með hvers kyns aðferðum, þar á meðal en ekki takmarkað við aðgerðir eins og óumbeðin fjöldadreifing á upplýsingum, hvers konar netárásir, vefskrið (e. crawling) og skönnun þjóna og netumhverfa, dreifingu og notkun sjálfvirs hugbúnaðar, forrita eða annars konar sjálfvirkra aðferða (s.s. spilliforrita eða veiru) í þeim tilgangi að fá óheimilan aðgang að umhverfi SV eða annarra notenda.
- Að villa á sér heimildir í samskiptum, hvort sem um er að ræða tölvupóstsamskiptum eða annars konar samskiptum.
- Að miðla, vista eða varðveita, sýna, dreifa eða með einhverjum öðrum hætti gera aðgengilegt efni sem er ólöglegt, skaðlegt, brýtur gegn almennu velsæmi eða réttindum annarra.

- f) Að reyna á nokkurn hátt að sækja, birta eða greina (e. reverse engineer) á annan hátt undirliggjandi forritskóða (e. source code) út frá þeim hugbúnaði sem er notaður er í kerfum SV.
- g) Að setja upp annan hugbúnað á vinnustöð viðskiptavinar en samningur hans tilgreinir sérstaklega.

SV áskilur sér einhliða rétt til að loka fyrir aðgang viðskiptavinar sem á einhvern hátt notar hýsingarþjónustu SV og/eða hugbúnað þar á óeðlilegan hátt eða brjóti í bága við framangreindar reglur.

5 Hugbúnaður

5.1 Sala hugbúnaðar og viðhaldssamningur

Með kaupum viðskiptavinar að bókhalds- og upplýsingahugbúnaðinum STÓLPA, eða öðrum hugbúnaði, felst ótímasettur afnotaréttur viðskiptavinar á hugbúnaðinum á tilgreindum fjölda útstöðva, tilteknum færslufjölda og tilteknum fjölda fyrirtækja. Í sölu á hugbúnaði felst einungis ótímabundinn réttur notenda til afnota á hugbúnaðinum, þ.e. afnotaréttur á hugbúnaði.

Notenda er með öllu óheimilt að framselja afnotaréttinn, afrita hugbúnaðinn að hluta eða öllu leiti, leyfa fleiri notendum afnot af hugbúnaðinum en samningur kveður á um, breyta hugbúnaði eða brjóta niður hugbúnaðinn (e. reverse engineering of software).

Við sölu á STÓLPA hugbúnaði eða öðrum hugbúnaði er ótímabundinn afnotaréttur hugbúnaðar seldur til notenda samkvæmt þáverandi útgáfu hugbúnaðar með þeim eiginleikum sem fylgja þeirri útgáfu.

Viðskiptavinur sem keypt hefur afnotarétt á hugbúnaði hefur ekki sjálfkrafa rétt á til að uppfæra hugbúnaðinn þegar ný útgáfa kemur út nema fyrir liggi samningur um slíkt. Slíkir samningar eru kallaðir *viðhaldssamningar* og veitir viðskiptavini uppfærslurétt á hugbúnaðinum meðan viðhaldssamningurinn er í gildi. Vinna og þjónusta af hálfu SV við uppfærslur á hugbúnaði er ekki innifalinn í viðhaldssamningi. Fyrir slíka vinnu verður gjaldfært í samræmi við gjaldskrá SV eins og hún er á hverjum tíma.

Við uppsögn á viðhaldssamningi afsalar viðskiptavinur sér þar með rétti að nýjum útgáfum hugbúnaðar og uppfærslum sem út kunna að koma eftir að uppsögnin gengur í gildi. Þá afsalar viðskiptavinur sér einnig mögulegum rétti til leiðréttingar á villum eftir að uppsögn tekur gildi. Með uppsögninni afsalar viðskiptavinur sér ekki afnotarétti á keyptum hugbúnaði eins og hann er þegar uppsögnin tekur gildi.

Hafi viðskiptavinur sagt upp viðhaldssamningi en óskar síðar eftir að fá uppfærslu á hugbúnaði skal greiða fyrir þann tíma sem viðhaldssamningurinn var ógildur að viðbættu 20% álagi.

5.2 Áskrift eða leiga hugbúnaðar

Í áskrift, eða leigu, STÓLPA eða annars hugbúnaðar („leiga“) felst tímabundinn afnotaréttur viðskiptavinar á völdum hugbúnaði meðan samningur er í gildi. Leigður hugbúnaður skal ávallt hýstur hjá SV nema um annað sé sérstaklega samið. Viðskiptavini er með öllu óheimilt að framselja leigðan hugbúnað með nokkrum hætti, afrita, leyfa fleiri notendum afnot af hugbúnaðinum en samningur kveður á um, breyta eða fela öðrum að breyta hugbúnaðinum, brjóta niður hugbúnaðinn (e. reverse engineering of software) eða fjarlægja forrit úr hugbúnaðinum.

Viðskiptavinir sem eru með samning um leigu á STÓLPA hafa ávallt aðgang að nýjustu útgáfu. Sé hinn leigði hugbúnaður hýstur hjá SV er uppfærslan sjálfvirk og án endurgjalds. Með uppfærslu STÓLPA er aðeins hugbúnaðurinn sjálfur uppfærður. Ekki er átt við gögn eða kerfisstillingar hugbúnaðarins. Þjónusta af hálfu SV við breytingar á notenda- og/eða kerfisstillingum er gjaldfært í samræmi við þjónustusamning, sé hann til staðar, ella í samræmi við gjaldskrá SV eins og hún er á hverjum tíma. Með notenda- eða kerfisstillingum er til dæmis átt við breytingar á virðisauka stillingum í kerfum viðskiptavina, opnun á nýju reikningsári eða aðrar stillingar hugbúnaðarins.

Segi viðskiptavinur upp samningi um leigu á hugbúnaði afsalar hann þar með öllum afnotarétti á hugbúnaðinum eftir að uppsögnin tekur gildi. Sé hinn leigði hugbúnaður ekki hýstur af SV ber viðskiptavini að tryggja eyðingu hins leigða hugbúnaðar strax við lok samnings og senda staðfestingu þess efnis á SV með tölvupósti á netfangið

stolpi@stolpi.is. Sé það ekki gert er SV heimilt að krefja viðskiptavinnu um áframhaldandi leigu uns slík staðfesting hefur verið send óháð því hvort hugbúnaðurinn var nýttur eður ei.

5.3 Ábyrgð SV á STÓLPA

SV ábyrgist að virkni STÓLPA sé í samræmi við reglugerð um rafrænt bókhald nr. 505/2013 á þeim tíma sem salan eða leiga kerfisins fer fram. Ábyrgðin tryggir ekki að hugbúnaður verði laus við allar truflanir eða sé fullkomlega villulaus þó SV leggi ríka áherslu á að svo verði eins og nokkur kostur er. Þar sem rétt virkni STÓLPA er háð því að vélbúnaður viðskiptavinnu, stýrikerfi vélbúnaðar og annar hugbúnaður sé rétt uppsettur mun reynast nauðsynlegt að fylgja leiðbeiningum SV um uppfærslur.

Ábyrgð SV á STÓLPA fellur niður ef viðskiptavinur eða þriðji aðili gerir breytingar á tækniumhverfi, kóða eða innri virkni STÓLPA, gagnagrunni eða uppsetningu án þess að skriflegt samþykki SV liggi fyrir slíkum breytingum.

Utan þess sem greinir í skilmálum þessum skal ábyrgð SV vegna hvers konar mistaka, villna, vanrækslu, truflana, tafa, tjóns eða galla á þjónustu, hugbúnaði eða vélbúnaði sem verður í tengslum við samning aðila, takmarkast við jafnvirði þeirrar þóknunar sem viðskiptavinur hefur sannanlega greitt til SV fyrir þá tilteknu þjónustu, hugbúnað sem tjónið tengist á síðustu þremur mánuðum fyrir það atvik sem orsakaði umrætt tjón.

6 Þjónustusamningur STÓLPA

Í kaupverði, viðhaldssamningi, áskrift eða leigu STÓLPA er ekki innifalinn þjónusta eða kennsla. Endurgjald fyrir veitta þjónustu og kennslu er samkvæmt gjaldskrá hverju sinni. *Þjónustusamningar* veita viðskiptamönnum forgang að þjónustu og á mun lægra endurgjaldi en tilgreint er í gjaldskrá. Tilgreint er í þjónustusamningi hversu mikla þjónustu viðskiptavinur fær án frekari endurgjalds frá 21. hvers mánaðar til 20. næsta mánaðar. Sjá nánar um tímabil þjónustu og þjónustureikninga í kaflanum [Þjónustureikningar](#).

Þjónustusamningur veitir viðskiptavininum eftirfarandi:

- **Forgangur.** Beiðni um þjónustu hefur forgang umfram aðila sem ekki eru með þjónustusamning. Þjónustan er aðeins aðgengileg á opnunartíma.
- **Minni kostnaður.** Að jafnaði kostar þjónustusamningur um helming af því sem vinna án þjónustusamnings kostar, sé þjónustutími samnings nýttur til fulls. Sé þjónustan ekki fullnýtt innan hvers mánaðar er ekki hægt að nýta ónýttan tíma síðar. Þjónustusamningur er því mjög hagstæður sé þjónustan nýtt í hverjum mánuði.
- 15% **afsláttur** af gjaldfærðri þjónustu ef farið er yfir tímamörk þjónustusamnings.
- 30% **afsláttur** af námskeiðum SV.

Þjónustusamning er sjálfsstæður samningur milli SV og viðskiptavinnu óháður öðrum samningum milli aðila. Þjónustusamningur má opna eða loka að vild en gildir að lágmarki í 6 mánuði frá því að hann er gerður virkur.

7 Óviðráðanleg atvik - Force Majeur

Hvorki SV né viðskiptavinur eiga rétt til skaðabóta á hendur gagnaðila þegar vanefndir orsakast af óviðráðanlegum eða ófyrirséðum atvikum svo sem vinnudeilum, verkföllum, verkbanum, styrjöldum, uppreisnum, rofi á netsambandi, náttúruhamförum, farsóttu, ferðatakmarkunum, aðgerðum eða aðgerðaleyfis stjórnvalda, á sviði gjaldeyris- og viðskiptamála, breytingum stjórnvalda á lögum og reglugerðum, orkuskorti og sambærilegum óviðráðanlegum atvikum.

8 Hugverkaréttur

Í þeim tilvikum þar sem SV selur eigin hugbúnað þá er SV eigandi og einkaréttarhafi að höfundarrétti og hvers kyns öðrum réttindum á sviði hugverka og auðkennaréttar, hvort sem um er að ræða vörumerkjarétt, hönnunarrétt, einkaleyfisrétt, eignarétt að atvinnuleyndarmálum, sérþekkingu (e. know-how) eða önnur réttindi, hvaða nafni sem þau kunna að nefnast er lúta að hugbúnaðnum. Sama gildir um allar síðari viðbætur við hugbúnaðinn sem SV leggur til eða öðlast með framsali.

Í þeim tilvikum þegar SV er endursöluaðili hugbúnaðar 3ja aðila þá er sá aðili, er veitir SV réttindi til endursölu, eigandi að höfundarrétti og hvers kyns öðrum réttindum á sviði hugverka og auðkennaréttar, hvort sem um er að ræða vörumerkjarétt, hönnunarrétt, einkaleyfisrétt eða önnur réttindi, hvaða nafni sem þau kunna að nefnast er lúta að hugbúnaðnum í samræmi við skilmála eiganda sem gilda um hugbúnaðinn. Samningur felur ekki í sér framsal slíkra réttinda að öðru leyti en því sem beinlínis er tekið fram í samningi. Samningur felur ekki í sér nytjaleyfi til vörumerkja sem notuð eru fyrir hugbúnaðinn eða einstaka hluta hans. Þá er höfundaréttur SV að þeim kerfishlutum sem SV leggur til ekki framseldur til viðskiptavinar með samningi. Hið sama skal eiga við um allar breytingaruppfærslur og nýjar útgáfur á kerfum eða hugbúnaði SV.

9 Vanefndir og vanefndaúrræði

Til vanefnda af hálfu viðskiptavinar teljast hvers kyns brot á skilmálum þessum þar með talið hvers kyns greiðsludráttur. Við greiðsludrátt áskilur SV sér rétt til að reikna dráttarvexti á útistandandi fjárhæð frá eindaga til greiðsludags í samræmi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þá leggst greiðslu og tilkynningargjald á útistandandi fjárhæðir. SV áskilur sér rétt til að hætta að veita og eftir atvikum loka þjónustu án sérstakrar viðvörunar ef greiðsludráttur hefur varað yfir 60 daga frá elsta ógreidda gjalddaga.

Til *verulegra vanefnda* af hálfu viðskiptavinar teljast eftirfarandi:

- Greiðsludráttur sem varir í meira en 30 daga frá því að greiðsluáskorun hefur verið send.
- Vanefnd sem varir í meira en 30 daga frá dagsetningu skriflegrar tilkynningar frá SV um efnisatriði máls.
- Brot á ákvæði í kafla 4.5 og 4.6 í skilmálum þessum.
- Ef viðskiptavinur notar hugbúnað umfram það sem umsamið er í samningi.
- Ef aðrir en starfsmenn SV hafa án undanfarandi samþykkis SV veitt hugbúnaði þjónustu.

Ef um verulega vanefnd af hálfu viðskiptavinar er að ræða áskilur SV sér rétt til riftunar samnings. Viðskiptavini er heimilt að rifta samningi ef um verulega vanefndir SV er að ræða sem varað hafa í 30 daga og SV hefur ekki bætt úr þrátt fyrir formlega áskorun viðskiptavinar.

10 Framsal réttinda

Viðskiptavinur getur ekki framselt réttindi sín eða skyldur samkvæmt samningi án skriflegs samþykkis SV.

11 Lög og varnarþing

Íslensk lög skulu gilda um viðskiptaskilmála þessa.

Komi til ágreinings skal leitast við að leysa ágreininginn með samkomulagi. Ef ekki næst samkomulag skulu ágreiningsmál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Heimilt er að vísa ágreiningi til gerðardóms ef báðir aðilar eru því samþykkir og skulu lög nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma gilda um málsmeðferð fyrir gerðardómi.

12 Skilgreiningar

STÓLPI er bókhalds- og upplýsingakerfi í eigu SV. Kerfið samanstendur af mörgum kerfiseiningum og gagnagrunni sem vinna saman sem ein heild.

Hugbúnaður er samheiti yfir hvers konar setningar, skipanir og forrit í véllesanlegu eða prentuðu formi sem lúta að notkun gagnavinnslukerfa auk tilheyrandi skjölunar s.s. tæknilýsinga, handbóka, kennsluefnis, handbóka eða leiðbeininga óháð formi.

SV er Stólpi viðskiptalausnir ehf, kt. 540409-0130

Viðskiptavinur er einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun, sem nýtir sér vöruframboð SV.

Vöruframboð eru allar vörur og öll þjónusta hjá SV að engu undanskyldu. Þar með talið, en takmarkast ekki við, allur hugbúnaður og hugbúnaðarlausnir, STÓLPI, kerfis- og/eða tækjalausnir, hýsingarþjónusta, afritunarþjónusta, bókhalds- og/eða launaþjónusta, öll ráðgjöf, námskeið eða annað ótalið. Hvort sem um er að ræða staka sölu, endurtekna sölu, leigu eða áskrift og óháð því hvort uppruni *vöruframboðs* SV sé hjá SV, hjá samstarfsaðilum eða undirverktökum SV.